



SKIPULAGSFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

SKIPULAGSVERÐLAUNIN 2010

GREINARGERÐ DÓMNEFNDAR

ALÞJÓÐLEGI SKIPULAGSDAGURINN
8.NÓVEMBER



Alþjóðlegi Skipulagsdagurinn

Fyrst var efnt til alþjóðlega skipulagsdagsins árið 1949 að frumkvæði Carlos Maria della Paolera, prófessors við Háskólann í Buenos Aires. Dagurinn er nú haldinn hátíðlegur í u.þ.b. 30 löndum víðsvegar um heim þar sem fagfélög og áhugamenn beina athyglinni að hlutverki skipulags í viðleitninni til að bæta umhverfi okkar og samfélag.

Tilfni þessa dags er að efla almenningsvitund um gildi og þýðingu skipulags og hvernig vönduð skipulagsvinna stuðlar að heilbrigðu og lifandi samfélagi.

Þrjár megin ástæður fyrir Alþjóðlega Skipulagsdeginum:

- Miðla þekkingu til samfélagsins
- Gleðjast með fólkinu sem tekur þátt í að skapa umhverfið sem fóstrar samfélagið
- Viðurkenning fyrir alla sem koma að skipulagsferlinum á einn eða annan hátt og leggja sitt að mörkum til að skapa heilbriggt og gott umhverfi.

Skipulagsverðlaunin 2010

Skipulagsverðlaunin eru veitt á tveggja ára fresti og voru þau fyrst veitt árið 2006. Skipulagsfræðingafélag Íslands veitir verðlaunin, að þessu sinni í samvinnu við Skipulagsstofnun. Markmið verðlaunanna er að hvetja til umræðu um skipulagsmál og vekja athygli á því besta sem er að gerast á sviði skipulags á hverjum tíma.

Skipulagsverðlaunin eru veitt fyrir framlag til skipulagsmála sem tilnefnt hefur verið af sveitarfélögum, stofnunum, fyrirtækjum eða einstaklingum, og á einhvern hátt hefur aukið umræðu og skilning á skipulagsmálum. Má þar nefna fyrirlestraraðir, íbúáþing, umfjöllun í fjölmiðlum, starfsemi íbúasamtaka, rannsóknir o.s.frv. sem eru tákn fyrir nýja hugsun, þróa áfram íslenska skipulagshefð og er íbúunum og samfélagi þeirra til hagsbóta.

Skipulagsfræðingafélag Íslands vill þakka **Skipulagsstofnun og Reykjavíkurborg** veittan stuðning í undirbúningi verðlaunanna.

Alls bárust 9 tilnefningar og ákveðið var að veita ein verðlaun og eina viðurkenningu. Í þessu hefti er gerð grein fyrir niðurstöðu dómnefndar.

Dómnefnd skipuðu eftirtaldir:

Tilnefndir af SFFÍ:

Richard Ó. Briem, skipulagsfræðingur SFFÍ, formaður dómnefndar.

Unnsteinn Gíslason, skipulagsfræðingur SFFÍ.

Tilnefnd af FÍLA:

Aðalheiður Kristjánsdóttir, landslagsarkitekt FÍLA.

Tilnefndur af VFÍ:

Þórarinn Hjaltason, verkfræðingur VFÍ.

Tilnefndur af Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga:

Júlíus Vífill Ingvarsson, fulltrúi Sambands Íslenskra Sveitarfélaga.

Tilnefnd af Fulltrúaráði íbúasamtaka:

Guðrún Benediktsdóttir, formaður íbúasamtakanna Betri Nónhæð.

Fulltrúa frá Arkitektafélagi Íslands vantaði

Ritari dómnefndar

Richard O. Briem, skipulagsfræðingur SFFÍ.

Skipulagsfræðingafélag Íslands vill þakka dómnefnd fyrir afar vel unnin störf.

SKIPULAGSVERÐLAUNIN 2010:

Ísafjarðarbær - aðalskipulag 2008-2020

Verðlaunin eru fyrst og fremst tileinkuð þeim þætti skipulagsins er lýtur að verklagi, þar sem samráð við íbúa og hagsmunaaðila var mun víðtækara en gerð er krafa um í lögum og reglugerð. Þessi vinnubrögð gefa til kynna þann metnað sem lagður var í skipulagsvinnuna og bera vott um framsýni yfirvalda á staðnum .

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er unnið á árunum 2006 til 2010 og nær til norðurhluta Vestfjarða og fimm byggðarkjarna. Um er að ræða hefðbundið aðalskipulag að flestu leyti, unnið í samræmi við gildandi lög og reglur. Skipulagið er vel unnið og vandað að allri gerð.

Að einu leyti er Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 frábrugðið öðrum hliðstæðum áætlunum. Sérstaðan er fólgin í því verklagi sem unnið var eftir við skipulagsgerðina. Þar er með góðum árangri gengið lengra í samráði og samvinnu við íbúa og hagsmunaaðila en lög og reglur gera ráð fyrir og að því er virðist í góðri sátt allra hlutaðeigandi aðila.

Samráðsferlið var þannig uppbyggt að íbúar og hagsmunaaðilar komu að vinnu við skipulagið strax í upphafi og áttu þátt í því að móta og skilgreina framtíðarsýn og leiðarljós aðalskipulagsins. Jafnframt voru niðurstöður íbúafings, sem haldið var vorið 2005, lagðar til grundvallar við stefnumörkun. Haldnar voru svæðisbundnar ráðstefnur og unnið í tveimur skipulagshópum samkvæmt ákveðnu verklagi undir leiðsögn ráðgjafa.

Aðalráðgjafi Ísafjaðarbæjar við gerð aðalskipulagsins var Teiknistofan Eik ehf.

Víðtæk þátttaka almennings í skipulagsferlinu ber vott um jákvæða þróun lýðræðis. Ennfremur tryggir hún almenna sátt um niðurstöður skipulagvinnunnar sem er til gagns fyrir hlutaðeigandi sveitarfélag og íbúa þess og stuðlar að jákvæðni og hjartásýni. Vinna sem þessi skapar fordæmi sem önnur sveitarfélög geta litið til.



VIÐURKENNING:

Tinna Haraldsdóttir - MS ritgerð

Ritgerðin ber heitið: „Samskipti, völd og skipulag. Hvernig fer það saman? Greining á aðkomu almenninga að skipulagsferlinu á vestanverðu Kársnesi, Kópavogi.“ Ritgerðin, sem er hluti lokaprófs frá Umhverfiseild Landbúnaðarháskóla Íslands, fær viðurkenninguna fyrir framlag til umræðu um umbætur í skipulagsferlinu.

Á undanförnum áratug hafa átök í skipulagsmálum fæst í vöxt. Samskipti íbúa, hagsmunaaðila og yfirvalda hafa á stundum reynst erfið. Takmörkuð umræða hefur farið fram um orsakir þessa og skort hefur grundvöll fyrir gagnlegar rökræður á þessu sviði. Ritgerð Tinnu Haraldsdóttur er tilraun til að greina þetta vandamál út frá gefnu tilviki og bryddar hún upp á nýjum leiðum til að forðast átök.

Ritgerðin er prýðisgott innlegg í umræðu um íbúalýðræði.

Ágrip

Á undanförnum árum hafa sveitarfélög, hvort sem er á höfðuborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni, þurft að takast á við hin ýmsu deiluefni er upp hafa komið varðandi skipulagsmál. Tíminn, bæði hjá almenningi og sveitarfélögum, sem fer í þessar deilur er mikill. Íbúar taka sig oft saman þegar ákveðin skipulagsmál eru komin í óefni og stofna hagsmunasamtök sem er ætlað að standa vörð um hagsmuni íbúanna. Með því að skoða þá deilu er reis upp milli bæjaryfirvalda og íbúa á Kársnesi er ætlunin að skoða hvernig aðkoma almenninga var að skipulagsferlinu og hvernig hugmyndir um samskiptaskipulag geta brúað þá gjá sem myndast hefur á milli bæjaryfirvalda og íbúa þegar kemur að umdeildum skipulagsmálum.

Deilurnar á milli íbúa og bæjaryfirvalda urðu vegna ólíkra hugmynda um hvernig ætti að skipuleggja á vestanverðu Kársnesi. Bæði bæjaryfirvöld og íbúar voru sammála um að svæðið þyrfti að endurskipuleggja eins og hafði komið fram á íbúafingi í nóvember 2005.



Áhyggjur íbúanna beindust að þeirri fjölgun sem fyrirhuguð var á öllu Kársnesinu og þeim umferðarþunga sem hlytist af fjölguninni ásamt þeim þungaflutningum sem stórskipahöfn hefði í för með sér.

Hugmyndafræði samskiptaskipulags tekur á þeim þáttum er snúa að þátttöku almennings í skipulagsmálum og þess vegna er mikilvægt að kynna til sögunnar nýja nálgun á málefni sem hlýtur sífellt meiri athygli. Með samskiptaskipulagi er hægt að ná betri samstöðu um erfið og umdeild mál. Það er allra hagur að yfirvöld og almenningur vinni saman.

Hyggjuvitsrannsókn er ætlað að skoða völdin er liggja að baki skipulagi, koma með nákvæmar frásagnir á því hvernig völd og gildismat virka innan skipulags, útskýra gildismat, hagsmuni og valdasambönd í skipulagi.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að það vanti nákvæmari og betri skilgreiningar í lögum á hvernig samráði við íbúa skuli háttað. Einnig benda niðurstöður til þess að þátttaka almennings séu í raun meira í orði en á borði þar sem erfitt er að fá kjörna fulltrúa til að afhenda hluta af valdinu aftur til íbúanna.

Leiðbeinandi: Dr. Sigríður Kristjándsdóttir

Meðleiðbeinandi: Stefán Thors



SKIPULAGSFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

SKIPULAGSVERÐLAUNIN 2010

ALÞJÓÐLEGI SKIPULAGSDAGURINN
8. NÓVEMBER